

## Teigarhorn við Berufjörð



*Teigarhorn. GLH 2007.*

Byggingarár: 1880-1882.

Hönnuður: Ókunnur.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1992.

Teigarhorn er einlyft portbyggt timburhús, 8,89 m að lengd og 7,02 m á breidd. Á húsinu er krossreist þak með skorsteini á mæni og þakglugga á bakhlið. Miðjukvistur með lág risþak er á framhlið. Húsið stendur á steinhlöðnum kjallara, veggir eru klæddir lóðréttum bordum og þak er pappklætt. Á húsinu eru tíu fjöggra rúðu gluggar með miðpóst; fimm á framhlið, þar af einn á kvisti, þrjár á suðurstafni, einn á bakhlið og einn á norðurstafni. Gluggar á porthæð eru sjónarmun minni en gluggar á jarðhæð. Tveir tveggja rúðu gluggar eru og á gafflaði að norðanverðu, einn minni uppi undir mæni og annar eins að sunnanverðu. Átta rúðu kjallaragluggi með miðpóst er á framhlið. Útidyr eru á suðurstafni vestarlega og fyrir henni fjalahurð á okum og spjaldsett innri hurð með þverglugga yfir. Bakdyr eru á vesturhlið með fjalahurð á okum og spjaldsetta innri hurð.

Inn af útidyr er forstofa, tvær stofur eru við framhlið, herbergi í norðvesturhorni og eldhús er suðvestan megin í húsinu. Í eldhúsi er sigagat með hlera fyrir kjallarastiga og í kjallara er kompa og tvö herbergi. Stigi er inn af forstofu, þiljaður frá eldhúsi, og upp af honum er framloft og stigi upp í ris. Við norðurgafl er herbergi og tvær súðarkompur og afþiljaður gangur framan við þau, kvistherbergi fyrir miðri framhlið og tvö herbergi að sunnanverðu. Í risi er eitt herbergi stafna á milli. Forstofa er klædd breiðum strikuðum panelbordum, stofur báðar og herbergi eru veggfóðruð og eldhús og stigahús eru klædd spjaldaþili. Stofuloft eru bordaklædd neðan á bita en í lofti í forstofu, herbergi og eldhúsi eru bord á klæddum bitum. Framloft, gangur og súðarkompur eru klædd spjaldaþili en suðurherbergi og kvistherbergi eru veggfóðruð. Súð á framlofti og súðarkompum er klædd spjaldasúð en veggfóðri í suðurherbergjum. Loft yfir



porthæð allri eru borð á klæddum bitum. Í risi er suðurgafli veggfóðraður en norðurgafli óklæddur og súðin úr sköruðum borðum á sperrum.



*Teigarhorn, stofa með upprunalegu veggfóðri. GLH 2007.*



*Teigarhorn, framloft. GLH 2007.*



*Teigarhorn, grunnmynd jarðbæðar og útlit framblíðar ásamt tillögu að viðbyggingum. GLH.*